

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Gauts Sturlusonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 29. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingum á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. (342. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér afnám verðmiðlunargjalds.

Viðskiptaráð lýsir yfir ánægju með framlagt frumvarp. Viðskiptaráð hefur lagt til algert afnám styrkja og verndartolla í landbúnaði og kemur það meðal annars fram í skýrslu ráðsins *Fjármál hins opinbera – aðrar leiðir færar-*, sem kom út í febrúar síðastliðnum. Matvælavæð hér á landi er með því hæsta sem gerist og má meðal annars rekja það til tolla og annarra innflutningshafta. Ásamt því eru framleiðslustyrkir hér á landi með hæsta mót innan OECD landa.

Það er mat Viðskiptaráðs að það kerfi sem er við lýði hér á landi, með miklum styrkjum og verndartöllum í landbúnaði, vinni gegn hagræðingu og nýliðun í greininni. Með afnám slíkra styrkja og tolla er stutt við bakið á eðlilegu samkeppnisumhverfi og hvatt til hagræðingar sem skilar sér í bættu starfsumhverfi í íslenskum landbúnaði. Framlagt frumvarp er skref í átt að þessu.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands